

Annáll Lindu Leu Bogadóttur, markaðs- og menningarfulltrúa Fjallabyggðar, við afhendingu menningarstyrkja og útnefningu Bæjarlistamanns Fjallabyggðar árið 2025 í Tjarnarborg 20. febrúar 2025.

Kæru gestir,

Fyrir hönd markaðs- og menningarnefndar býð ég ykkur öll hjartanlega velkomin á þennan viðburð sem helgaður er menningu, listum og skapandi starfi í okkar dýrmæta samfélagi, Fjallabyggð.

Það er mér mikill heiður og ánægja að standa hér, sem fyrr, þar sem við fögnum krafti menningar og þeim einstaklingum og hópum sem leggja sitt af mörkum til að gera samfélagið okkar fullt af lífi og lit árið um kring.

Í dag munum við útnefna Bæjarlistamann Fjallabyggðar árið 2025 með formlegum hætti en Markaðs- og menningarnefnd Fjallabyggðar samþykkti þann 21. nóvember síðastliðinn að útnefna **Kristínu R. Trampe** handhafa titilsins **Bæjarlistamaður Fjallabyggðar árið 2025**. Er það í sextánda sinn sem við veitum þessa viðurkenningu, sem er ætlað að endurspeгла metnað okkar samfélags fyrir þeirri menningu og þeim skapandi einstaklingum sem hér búa og starfa og þeim mikla sköpunarkrafti sem býr í samfélaginu okkar.

Einnig munum við með formlegum hætti afhenda styrki til fjölbreyttra menningartengdra verkefna, hátíða og stærri viðburða. Styrkir þessir eru tákn um traust og von sveitarfélagsins um áframhaldandi nýsköpun, grósku og þróun í menningarlífi samfélagsins. Við afhendum einnig rekstrarstyrki til safna og setra sem öll eiga það sameiginlegt að vinna ómetanlegt starf við að viðhalda og miðla menningararfi okkar og hugsjón.

Styrkir til þessara þriggja flokka á árinu 2025 eru samtals að upphæð **kr. 13.900.000.-** en þar af fara **kr. 3.625.000.-** til einstakra menningartengdra verkefna, **kr. 6.550.000.-** til hátíðarhalda og stærri viðburða, **kr. 3.725.000.-** til reksturs safna og setra og þjónustusamnings vegna náttúrugripasafns. Áfram verður veittur styrkur til bæjarlistamanns og er upphæð hans **kr. 400.000.-**

Markaðs- og menningarnefnd úthlutar styrkjum í flokki Styrkir til menningarmála. Alls bárust 20 umsóknir í flokkunum auk umsókna um afnot af munum og húsnæði Fjallabyggðar og því miður þurfti að synja sjö þeirra. Alls bárust níu umsóknir í flokknum hátíðarhöld og stærri viðburðir og styrkir til reksturs safna og setra eru fjórir.

Mig langar aðeins að bregða upp mynd af þeim fjölbreyttu verkefnum sem prýddu árið 2024 og hlutu mörg þeirra styrk það árið.

Föstu hátíðirnar sem eru orðnar órjúfanlegur hluti af okkar samfélagi og draga ár hvert að sér fjölda gesta eru fjölmargar. Þessar hátíðir eru ekki bara skemmtun og afþreying heldur hafa þær gríðarleg félagsleg og efnahagsleg áhrif sem auðvitað efla og styrkja samfélagið okkar.

Leikfélag Fjallabyggðar vakti mikla lukku með sýningu sinni á gamanleikritinu *Beint í æð* eftir Ray Cooney í þýðingu Gísla Rúnars Jónssonar. Verkið var sannkallaður flækjufótur sem hélt áhorfandanum uppteknum allan tímann. Leikstjóri verksins var Valgeir Skagfjörð og þótti honum takast, ásamt fjölbreyttum hópi leikara á aldrinum 17 til 62 ára, að skapa einstakt leikhúsævintýri.

Í Tjarnarborg, menningarhúsi Fjallabyggðar, var að finna ýmsa viðburði og sýningar sem lífðu upp á hversdaginn. Pálshús Safna og sýningahús bauð upp á listasýningar og meðal annars voru sýndi verk úr safneign Listaverkasafns Fjallabyggðar og ljósmyndir Brynjólfs Sveinssonar í bland við hinar föstu sýningar hússins, Fuglaþrá, Undirheima og Ólafsfjarðarvatn. Pálshús er einstakur staður sem geymir menningarsögu, menningararf og list og er ómetanlegur vettvangur til að miðla sögunni áfram og opna heim inn í bæði fortíð og nútíð.

Vetrarhátíðirnar okkar vöktu einnig athygli, ekki síst Fjarðargangan í febrúar og gleðin sem fylgdi skíðamennskunni um páskana. Menningin var svo sannarlega á sínum stað yfir páskana þegar Leysingar-listahátíð var haldin í Alpýðuhúsinu á Siglufirði þar sem í boði voru tónleikar, fyrirlestrar, ljóðalestur, gjörningar og listsýningar svo eitthvað sé nefnt. Vinnustofa Abbýjar var opin í Aðalgötunni og Bæjarlistamaður Fjallabyggðar 2024, Ástþór Árnason, opnaði sýningu í Ráðhússalnum. Þá var Örlygur Kristinnsson einnig með sýningu í Söluturninum á Siglufirði og á Segli 67 Brugghúsi bauðst gestum að taka þátt í Yatzý-móti og sleðakeppni. Aprés Ski-stemning var alla daga og hægt að skella sér á uppistand og tónleika með Sigló Söngvum og auðvitað ball með Landabandi, trúbador á Torginu og Dj á Höllinni. Nú auðvitað voru helgistundir í kirkjunum bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði. Það ætti engum að hafa leiðst yfir páskana í Fjallabyggð.

Sumarhátíðirnar árið 2024 voru engu síðri en hátíðir voru haldnar um hverja helgi í allt sumar og þótti það frétt næmt í nágrannasveitarfélögunum enda hvergi annars staðar á landinu var slíka veislu að finna. Hátíðirnar voru Sjómannadagurinn, Intoó-listahátíð, Berjadagar, Þjóðlagahátíðin, Frjó listahátíð, Sápuboltinn, Trilludagar, Síldarævintýrið og svo nýja, alþjóðlega Myndasöguhátíðin, sem við vonum að festi sig í sessi í framtíðinni hér hjá okkur, Fjarðarhlaupið, Fjarðarhjólíð og Ljóðahátíðin Haustglæður. Allir þessir viðburðir og hátíðir ásamt fjölda smærri og áhugaverðra viðburða héldu okkur íbúum og gestum Fjallabyggðar uppteknum í sumar og langt inn í haustið.

Sérhver helgi var lifandi sönnun þess að menningin í Fjallabyggð blómstri í öllum sínum fjölbreytileika og ekki má gleyma því margþætta menningarstarfi sem unnið er í Alpýðuhúsinu og Kompunni á Siglufirði en þar voru að meðaltali 7 - 9 sýningar á árinu, settar eru upp þrjár listahátíðir og 5 - 7 fyrirlestrar, listasmiðjur og annað sem viðkemur

menningu og listum. Á árinu voru einnig tónleikar kirkjukóranna, Karlakórs Fjallabyggðar og Kórs eldri borgara og í Þjóðlagasetri var boðið upp á sumartónleika. Aðventudagskráin var eins og venjulega yfirfull af menningarviðburðum og afþreyingu alla daga og helgar í desember.

Hvað listrænan fjölbreytileika og framtíðarsýn varðar er óhætt að segja að Fjallabyggð sé samfélag þar sem listir og menning tengja fólk saman, brúa kynslóðabil og stuðla að skapandi framlagi sem hefur jákvæð áhrif á lífsgæði allra. Verkefni á borð við Veggmyndaverkefni Emmu Sanderson, þar sem börn tóku virkan þátt í sköpun listaverka, sýnir mikilvægi þess að hvetja ungt fólk til þátttöku og láta drauma sína rætast.

Hvað listrænan fjölbreytileika og framtíðarsýn varðar er óhætt að segja að Fjallabyggð sé samfélag þar sem listir og menning tengja fólk saman, brúa kynslóðabil og stuðla að skapandi framlagi sem hefur jákvæð áhrif á lífsgæði allra. Verkefni á borð við Veggmyndaverkefni Emmu Sanderson, þar sem börn tóku virkan þátt í sköpun listaverka, sýnir mikilvægi þess að hvetja ungt fólk til þátttöku og láta drauma sína rætast.

Brimsalir Námuvegi 8 í Ólafsfirði er ný lista- og menningarmiðstöð sem opnuð var á árinu. Brimsalir er 600 fermetra hús sem áður var fiskvinnsluhús og hefur því nú verið breytt í Lista- og menningarmiðstöð. Markmiðið með Brimsölum er að efla skapandi greinar, fjölga atvinnutækifærum og laða að bæði gesti og heimamenn. Skapa vettvang þar sem íbúar geta komið saman til að njóta samveru, tekið þátt í viðburðum og deilt reynslu sinni og þekkingu hvort sem er með sýningum, fræðslu, námskeiðum eða mat.

Á efri hæð hússins stendur til að skapa aðstöðu fyrir listamannadvöl. Einnig er í húsinu viðburðarými/gistirými fyrir t.d. brimbrettafólk, skíðafólk og gönguhópa.

Kæru gestir,

Fjallabyggð er samfélag þar sem skapandi einstaklingar hafa alist upp, kosið að búa eða heimsækja. Fjallabyggð er staður þar sem listamenn og skapandi einstaklingar alls staðar að úr heiminum velja að koma og deila með okkur hinum sköpun sinni og krafti.

Fjallabyggð býr yfir djúpstæðri grósku menningar, byggir á staðbundum sérkennum sem fólgin eru í menningararfi, sögu, hefðum og náttúrulegum aðstæðum sem við erum hluti af.

Á Íslandi eru menningartengd verkefni á landsbyggðinni flest háð ferðamönnum/gestum og væntingum til vaxta. Menningartengd ferðaþjónusta hefur vissa sérstöðu í menningarlífinu því hún hefur sterk tengsl við atvinnulíf og rekstur. Tenging menningar við ferðaþjónustu þarf ekki að vera ógn við hana því í henni liggja tækifæri til þess að efla söguvitund og menningarlíf. Mikill vöxtur hefur átt sér stað í ferðaþjónustu hér á landi á undanförunum árum. Ferðaþjónustan er orðin stærsta tekjulind okkar Íslendinga, stærri en sjávarútvegurinn segja þeir sem allt vita og liggja víst mörg viðskipta- og atvinnutækifæri á

Þessu sviði. Ferðapjónusta byggir að miklum hluta á menningarlegum grunni. Þar má nefna söfn, setur, sýningar sem miðla sögu og efni tengt menningu, auk annarra menningarverkefna sem tengjast ferðapjónustu. Menningarstarfsemi er mikilvægur þáttur í atvinnulífi íslensku þjóðarinnar og hún mun vega þyngra í framtíðinni. Hún hefur víðtæk afleidd áhrif í efnahagslegu tilliti og hefur áhrif á aðrar atvinnugreinar eins og t.d. ferðapjónustu, hugvits- og tæknigeirann, menntun, verslun og þjónustu. Aðgengi að menningu, þátttaka og vitund í menningarstarfi eru allt mikilvægir þættir innan samfélags. Fjölbreytt menningarlíf er ávísun á velsæld því það getur stuðlað að auknum jöfnuði og lífsfyllingu í samfélaginu.

Í litlum samfélögum eins og okkar liggur raunverulegur kraftur í því að við öll tökum frumkvæði, leggjum okkar af mörkum og gerum hugmyndir að veruleika. Við erum samfélagið – við erum þau sem gefum menningunni líf, við erum þau sem drögum fram litina í hversdeginum og sköpum vettvang þar sem listir blómstra. Það er þessi samheldni og eldmóður sem gerir Fjallabyggð að einstökum stað að búa, starfa og heimsækja.

Í menningarstefnu Fjallabyggðar er lögð áhersla á að hvetja og styðja við menningarstarfsemi og þá sem starfa og efla menningarlífið og eru leiðandi á því sviði. Stuðningurinn fyrir þann einstakling sem fær fjárframlagið skiptir HANN miklu máli til þess að geta framkvæmt það sem hann ætlar sér og án aðkomu Fjallabyggðar væru verkefnin jafnvel ekki möguleg. Fjallabyggð, hefur því mikilvægu hlutverki að gegna við það að tryggja að menning sé styrkt og varðveitt í samfélaginu. Fjallabyggð er ábyrg fyrir því að setja áhrifaríka menningarstefnu sem leggur áherslu á mikilvægi menningar í samfélaginu með það að markmiði að hlúa að menningaruppeldi, list, nýsköpun og skapandi greinum, menningararfi og samvinnu.

Ég vil að lokum, fyrir hönd Markaðs- og menningarnefndar Fjallabyggðar, færa innilegar þakkir til allra þeirra sem leggja sitt af mörkum til lista og menningar í samfélagi okkar. Án ykkar væri Fjallabyggð ekki það skapandi, líflega og fjölbreytta menningarsamfélag sem við eigum hér í dag.

Verum samferða inn í framtíðina – höldum áfram að skapa, njóta og byggja upp menningu sem speglar kraft okkar, ástríðu og drauma.

Takk fyrir ykkar framlag til málaflöksins.

Fjallabyggð, 20. febrúar 2025

Linda Lea Bogadóttir

Markaðs- og menningarfulltrúi Fjallabyggðar